



Lánsúmsókn Ísafjarðarhafnir 2022

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2022, sem samþykkt var á 485. fundi bæjarstjórnar, þann 2. desember 2021, var ákveðið að lántaka Hafnarsjóðs/Ísafjarðarhafna á árinu 2022, yrdi kr. 200.000.000, vegna uppbyggingar hafnar að Sundabakka í Skutulsfirði.

Með tölvupósti þann 12. apríl 2022 lýsti bæjarritari yfir vilja á að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna ofangreinds.

Beiðni Ísafjarðarbæjar var tekið fyrir á fundi stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga þann 27. apríl 2022, en svo til útgreiðslu komi þarf að liggja fyrir samþykki bæjarstjórnar um að samþykkja að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Ísafjarðarhafna hjá Lánasjóði sveitarfélaga, að fjárhæð kr. 200.000.000 til 17 ára, með verðtryggðum 1,00% vöxtum, láns í lánaflokknum LSS 39. Fyrsta afborgun er 20. ágúst 2024, og vx.greiðslur á 6 mánaða fresti, í febrúar og ágúst.

Auk þess er lagt til við bæjarstjórn að ábyrgð þessi sé veitt í samræmi við heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og að bæjarstjórn veiti Lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til greiðslu höfuðstóls láns þessa, ásamt vöxtum og verðbótum auk hvers kyns innheimtukostnaðar.

Lánið er tekið til að fjármagna uppbyggingu á höfn að Sundabakka í Skutulsfirði, en um 670 milljón króna framkvæmd er að ræða, ríkisstyrkt um 60%, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Ísafjarðarhafna til að selja ekki eignarhlut sinn til einkaaðila, í heild eða að hluta, fram til þess tíma að lán þetta er að fullu greitt. Fari svo að Ísafjarðarbæjar selji eignarhlut í Ísafjarðarhöfnum til annarra opinberra aðila, skuldbindur Ísafjarðarbær sig til þess að tryggja að samhliða yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Þá er lagt til við bæjarstjórn að Birgi Gunnarssyni, bæjarstjóra, kt. 050263-5419, verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ísafjarðarbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.